

# Tilkynning frá Stangaveiðifélagi Akraness um sölu og úthlutun veiðileyfa og aðalfund árið 2010

Aðalsöludagur veiðileyfa verður laugardaginn 30. janúar n.k. og fer fram að Suðurgötu 108. Þeir sem ætla að kaupa veiðileyfi dragi númer frá kl. 11-12 og verða leyfin afgreidd eftir þeim númerum kl. 14 sama dag. Mánudaginn 1 feb. kl. 20-21 verða óseld veiðileyfi seld félagsmönnum á skrifstofu félagsins að Suðurgötu 108, eftir það verða þau einnig boðin utanfélagsmönnum.

Félagar þurfa að velja sér veiðifélaga og ber að nafngreina þá og veiðiá áður en númer er dregið og dregur einn fyrir sig og sína veiðifélaga. Fjarstöddum félögum er heimilt að gefa öðrum leyfi til að draga fyrir sig. Skylt er að greiða árgjald áður en dregið er. Ákveðið hefur verið að gefa félagsmönnum kost á gjaldfresti á 50% keyptru veiðileyfa.

Greiðsluseðlar verða sendir út í mars fyrir eftirstöðvum, með gjalddaga 1. apríl. Ef veiðileyfin eru staðgreidd á söluþegi verður gefinn 5% afsláttur af helmingi verðs, sem annars greiðist í mars..

Veiðileyfi verða seld eftir sömu reglum og áður, þannig að menn hafi frjálst val í þeirri röð sem afgreiðslunúmer þeirra segir til um, ef þeir eru mættir er sala hefst og kemur að þeirra númerum.

Í Fáskrúð eru 2 stangir á dag. Þar eru 2 dagar seldir saman út á nöfn tveggja félagsmanna. Þar hefst veiði kl. 16:00 komudag (kl. 15:00 eftir 15. ágúst sama gildir um hinar árnar) og lýkur kl. 13:00 heimfarardag.

Á laxasvæðinu í Andakílsá eru stöku dagarnir seldir með báðum stöngunum út á nöfn tveggja félagsmanna og sama gildir um það, þegar tveir dagar eru seldir saman. Á stöku dögum hefst veiði kl. 07:00 og lýkur kl. 22:00 (21:00 eftir 15. ágúst) að kvöldi og má koma í húsið kvöldið fyrir veiðidag, en þar sem tveir dagar eru seldir saman hefst veiði kl. 16:00 komudag (kl. 15:00 eftir 15. ágúst) og lýkur kl. 13:00 heimfarardag, sami veiðitími gildir fyrir nokkra staka daga sem seldir eru frá hádegi til hádegis. Veiðileyfi á silungasvæðið í Andakílsá eru frjáls í sölu og verða boðin á söluþegi. Eftir það verða þau seld hjá Stangaveiðifélagi Hafnarfjarðar og á leyfi.is.

Veiðihús með öllum viðlegubúnaði er til afnota fyrir veiðimenn á silungasvæðinu, húsið er staðsett við bæinn Skeljabrekku og má koma í það kvöldið fyrir veiðidag. Veiðikortið 2010 býðst félagsmönnum á kostnaðarverði kr. 5.000.- á söluþegi, eftir það hjá formanni félagsins, síma 899-6132. Kortið gefur rétt til veiði í 31 vatni, sjá [www.veidikortid.is](http://www.veidikortid.is).

Ef ágreiningur kemur upp um ofanskráðar reglur áskilur stjórnin sér rétt til að skera þar úr hverju tilfelli.

Aðalfundur Stangaveiðifélags Akraness 2010  
verður haldinn miðvikudaginn 27. janúar kl. 20:00 að Suðurgötu 108

Fundarefni:

1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Önnur mál.

**Stjórn SVFA**

Verðskrá er á bakhlið. Snú.

## Stangaveiðifélag Akraness

### Verðskrá 2010

Fáskrúð				Andakilsá			
Fjöldi	Verð pr.	Tímabil		Fjöldi	Verð pr.	Tímabil	
stanga	stöng á dag			stanga	stöng á dag		
2.	30.000	2/7-4/7	st. 27/6	2.	18.000	22.jún	
2.	30.000	4/7-6/7		2.	33.000	30/6-1/7	st. 27/6
2.	40.000	12/7-14/7	st.16/7	2.	33.000	1/7-2/7	
2.	40.000	14/7-16/7		2.	55.000	8/7-10/7	
2.	40.000	16/7-18/7		2.	55.000	16/7-17/7	st.16/7
2.	40.000	24/7-26/7	st. 29/7	2.	55.000	17/7-18/7	
2.	40.000	26/7-28/7		2.	55.000	3/8-5/8	
2.	47.000	28/7-30/7		2.	55.000	9.8-10/8	
2.	40.000	5/8-7/8		2.	55.000	10/8-11/8	st. 15/8
2.	40.000	7/8-9/8		2.	55.000	25/8-26/8	st. 28/8
2.	40.000	9/8-11/8		2.	55.000	26/8-27/8	
2.	47.000	17/8-19/8	st. 15/8	2.	40.000	2/9-3/9	
2.	40.000	19/8-21/8		2.	40.000	3/9-4/9	
2.	40.000	21/8-23/8		2.	30.000	15.sep	st. 14/9
2.	40.000	29/8-31/8	st. 28/8	2.	30.000	19.sep	
2.	37.000	31/8-2/9		2.	30.000	23.sep	
2.	37.000	2/9-4/9		2.	25.000	27.sep	
2.	30.000	10/9-12/9	st. 14/9				
2.	30.000	12/9-14/9					
2.	30.000	14/9-16/9					
2.	25.000	22/9-24/9					
2.	25.000	24/9-26/9					

Daglegur veiðitími í báðum ánum er frá klukkan 16 til klukkan 22 fram til 15 ágúst eftir það kl. 15-21.

Árnar eru hvíldar frá klukkan 13 til klukkan 16 fram til 15 ágúst, en kl 13-15, eftir það

Í Fáskrúð er veitt til kl 13 á brottfarardegi.

Í Fáskrúð eru tveggja daga partí veitt er frá hádegi komudags til hádegis brottfarardags og báðar stangir seldar saman.

Í Andakilsánni eru 2 tveggja daga partí 8/7-10/7 og 3/8-5/8, önnur partí eru einn dagur veitt er frá hádegi komudags til hádegis brottfarardags, nema dagana 22 júní, 15 sept., 19 sept., 23 sept. og 27 sept. þá er er veitt frá morgni til kvölds.

**Stórstreymi 14/6-27/6-16/7-29/7-15/8-28/8-14/9**

**Fundaboð og reglur um úthlutun á framhlið**